

Aðalfundur MMP 2021 – Þórsver, Þórshöfn, 7. Júní 2021. Kl. 15:00

#### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur MMP 2020
3. Breytingar á stjórn og varastjórn
4. Kjör endurskoðenda
5. Samþykkt fjárhagsáætlun og verkefnaáætlun 2021 lögð fram
6. Önnur mál.

Árni Pétur Hilmarsson formaður stjórnar MMP býður fundargesti velkomna og setur aðalfundinn kl. 15:00.

Í fjarveru Jan Aksel Klitgaard forstöðumanns MMP leggur formaður til að Arnór Benónýsson stýri fundinum og er það samþykkt.

#### **1.Skýrsla stjórnar / 2. Ársreikningur MMP 2020.**

Arnór Ben býður til fyrsta fundarliðar sem er skýrsla stjórnar.

Formaður flytur skýrslu stjórnar. (sjá fylgiskjal).

Fundarstjóri leggur til að taka umræðu um skýrslu stjórnar (1.liður) og ársreikning MMP (2. Liður) saman að lið 2 loknum. Samþykkt.

Árni P. Hilmarsson fer yfir ársreikning og flytur punkta forstöðumanns MMP (sjá fylgiskjal) um ársreikning MMP um leið þeir eru lagðir fram (sjá fylgiskjal).

Engar spurningar voru um ársreikning.

Aðalsteinn J. Halldórsson, oddviti Tjörneshrepps kemur upp og ræðir um málefni MMP. Segist vera algjörlega hliðhollur MMP en ljóst er að peningaleysi er alltaf helsta ástæða fyrir .....ljóst er að afla þarf tekna eftir öðru leiðum. Hendir fram því hvort hægt sé að pressa á ríkisvaldið á að hækka fasteignagiöld eyðibýla og sumarbústaða og nýta þann pening til rekstrar. En segist ekki í raun vera með lausn en tilbúinn í samstarf.

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings kemur upp. Líklegast verður leigutekjur frá Norðurþingi í takt við það sem hefur verið rætt um og hækki u.þ.b. um 200%.

Segir að stundum virki verkefni einsog ókleifur hamar – hvar á að byrja – er hægt að auka tekjur? :- Það þarf að sitjast niður og ræða sviðsmyndir og greina vandann sem hefur verið gert að vissu leyti. Framkvæmdastjórn þarf að fara yfir málið og búa til 2-3 sviðsmyndir fyrir næsta fjárhagsáætlunarvinnu. Hvert ætlum við að fara – ráðum við við þetta eða ekki og ef við gerum það þá hvernig. Kristján þakkar fyrir fundinn og fer á næsta fund í Kelduhverfi.

Arnór Benónýsson oddviti Þingeyjarsveitar ræðir hvort að það þurfi að hugsa starfsemi MMP upp á nýtt. Ríkisvald og þjóðm.safn komi meira inn í safnapáttinn en önnur starfsemi, s.s. sýningarhald sé Meira í verkefnastjórn MMP.

Stefán Eggertsson stjórnarmaður kemur upp og ræðir þá hugmynd að ástæða sé til að hugsa hlutina upp á nýtt. Stundum er hægt að gera hlutina vel án þess endilega að bæta við peningum. Nefnir þá

hugmynd að auka samstarf sjálfboðaliða frá “ellismellum” - t.d. út frá Hvammi og gera það á réttan hátt og nýta starfskrafta þeirra enda sumir þeirra enn “vitibornir”.

Árni P. Himarsson kemur upp og segir að það sé nú ekki fullkomið svartnætti framundan. Söfnunarstefna hafi ekki verið skýr og oft í höndum hvers forstöðumanns hverju sinni eftir hverju er unnið og oft hefur það reynst erfitt að neita hlutum. Á Síðsta stjórnarfundum hafi t.d. verið ákveðið að vinna úr bátamálinu – Að þeir verðir skannaðir og skráðir í þrívídd. Eftir það megi í raun “farga” þeim.

Hugmynd stjórnar er að það verði tvær stjórnir – Ein verði rekstrarstjórn skipuð af sveitarfélögum en hin fagstjórn sem vinnur með og að stefnu MMP. Hvað á að sýna o.s.frv.

Sigurður Þór Guðmundsson segist skoðað ársreikninga og að þar komi fram að tekjur af aðgangseyri sé 5 milljónir sem er ekki mikið og sé svipað og hjá fræðasetrinu um forystufél. Það hljóta að vera ósóttar tekjur t.d. er hægt að vera í samstarfi við eða bjóða hvalasafni t.d. að hafa aðgang að sjóminjasafni. Leita þurfi að samstarfi – peningurinn er þar.

Formaður stjórnar þakkar fyrir brýningu. Ýmislegt hafi verið gert til að laða að en samt tekst ekki að ná fólki inn á söfnin. Jafnvel er ásókn í Grenjaðarstað minni en í aðra torfbæi. Við höfum sprengt af okkur forstöðumenn – er næsta skref að fá rekstrarmenn til starfs. Sammála því að hægt sé að sækja meiri pening og aukið faglegt starf.

Fleiri komu ekki upp og ræddu skýrslu stjórnar.

Ársreikningur er borinn upp og samþykktur samhljóða

### **3. Breytingar á stjórn og varastjórn**

Formaður nefnir að liðurinn er til kominn vegna stjórnarbreytinga á næsta ári í kjölfar sveitarstjórnakosninga.

Röðull Reykráson sem situr f.h. Norðurþings lætur af störfum í stjórn vegna flutninga og tekur varamaður hans við honum í stjórn og Norðurþing skipar nýjan varamann stjórnar

### **4. Kjör endurskoðenda**

Lagt er til að núverandi endurskoðandi, Rúnar Bjarnason hjá PwC verði endurkjörinn – samþykkt samhljóða.

### **5. Samþykkt fjárhagsáætlun og verkefnaáætlun 2021 lögð fram**

Formaður leggur fram verkefnaáætlun og fjárhagsáætlun (sjá fylgiskjöl). Verkefnaáætlun lögð fram en þar sem fundarmenn fengu hana seint og ekki fengið tækifæri til að kynna sér hana var hún ekki rædd frekar. Silja Jóhannsdóttir spyr hvort einhvern tímann hafi komið til þess að aðalfundur breyti verkefnaáætlun stjórnar og því er svarað neitandi.

Formaður leggur fram fjárhagsáætlun. Segir að forstöðumaður MMP hafi lagt áherslu á að tóna niður starfsemi og ná jafnvægi í rekstri en hefur þó mikið að góðum hugmyndum sem bíða þess tíma að jafnvægi er náð.

Samþykkt samhljóða

### **6. Önnur mál.**

Sigurður Böðvarsson kemur upp. Komin (reksturinn) á þann stað að það þarf gera eitthvað en sú vegferð sem var farin af stað með í fyrra er góð og slæmt að stoppa hana útaf nokkrum krónum – nokkrum hundruðþúsundköllum. Bætum frekar í og náum rekstrinum á þann stað sem við viljum.

Siggeir (er ekki með fullt nafn) kemur upp. Unnið er þarft og gott starf (af stjórn?). Vill helst segja það að þetta er arfleið okkar og telur hana áhugaverða og nauðsynleg. Snýst um það sama – fjármögnun og forgangsröðun þeirra. Veltir því fyrir sér að þetta er einsog önnur kynningarmál, hvað gera men? Ráða eða leita til sérfræðinga og hlutir eru skilgreindir. Og fundin lausn á því eða áæltun um tekjuáæltun – er það ekki það sem við þurfum að gera? Hvað hafa aðrir gert? Eru farvegir þar fyrir okkur til tekjuaukningar. Brýnir fyrir að hægt sé að selja allt með því að búa til sögur. Verum frumlegbúum til krassandi sögur. Þakkar fyrir sig og hvetur stjórn áfram.

Silja Jóhannesdóttir kemur upp. Gríðarlegt mikið og mikilvægt starf. Mikilvægt er að finna grundvöll/leiðir fyrir því að búa til peninga. Ef við getum það ekki þá er grundvöllurinn kannski brostinn. Stjórn verður kannski stíga inn skarpar inn og setja kúrsinn. Hvalasafn sækir t.d. í úrræði ríkisstjórnar og hefur ráðið starfsfólk í sumar, t.d. til að sækja um styrki. Gangi ykkur vel

Sigurður Þór Guðmundsson kemur upp. Spyr hvort hugmyndin um að skipta stjórnnum upp þýði ekki að þá þarf fagstjórn að vera nokkurs konar hollvinasamtök – frjáls félagasamtökum við hlið MMP. Það er margt fólk sem er tilbúið að leggja fram peninga og tíma sinn til ýmissa verka.

Formaður nefnir að gott sé að verið sé að leiðrétta leigutekjur – frá Norðurþingi, það sé um tveggja milljóna tekjuaukning. Þetta eru okkur verðmæti. Flott sýning á Sauðanesi. Við megum ekki gleyma því að vera stolt.

Umræðum lokið

Formaður slíltur fundi – þakkar fyrir hreinskiptar umræður og þakkar fulltrúum fyrir að vera til staðar á fundinum.

Fundi slitð kl. 15:55